
Vatnsvinnsla í Vatnsendakrikum

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 17. apríl 2018 barst Skipulagsstofnun tillaga Veitna að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar vatnstöku í Vatnsendakrikum samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.24 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hafnarfjarðarbæjar, Kópavogsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Vatnsvinnsla í Vatnsendakrikum. Tillaga að matsáætlun. Veitur – Mannvit, apríl 2018.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Kópavogsbæ með bréfi dags. 31. maí 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 9. maí 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 8. maí 2018.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 15. maí 2018.
- Orkustofnun með bréfi dags. 7. maí 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. maí 2018.
- Vatnsveitu Hafnarfjarðar með bréfi dags. 8. maí 2018.
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 16. maí 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 18. og 22. maí og 4. júní 2018.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Grunnvatn

Í umsögn Veðurstofu Íslands er bent á að meta þurfi áhrif á magnstöðu grunnvatns. Einnig þurfi að meta umfang þeirra breytinga sem fylgi vatnstökunni sem og stærð áhrifasvæðis og hvort framvindan rýri grunnvatnsforðann til lengri tíma.

Í umsögn Orkustofnunar er bent á að öll vatnsnotkun í Heiðmörk verði rekin á sjálfbæran þátt þannig að vatnstaka haldist í hendur við náttúrulega endurnýjun grunnvatns. Eðlilegt sé að miða við að meðalvatnstaka sé ekki meiri en sú grunnvatnsauðlind sem er til staðar.

Skipulagsstofnun telur brýnt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hvort og þá hvernig það verði tryggt að vatnsvinnsla í Heiðmörk verði rekin þannig að vatnsvinnsla haldist í hendur við náttúrulega endurnýjun grunnvatns. Jafnframt þarf að gera grein fyrir áhrifum vatnstökunnar á



aðrennslissvæði vatnsbóla, niðurdrátt sem fylgir vatnstökunni og hversu hratt svæðið bregst við breytingum á vatnstöku. Jafnframt þarf að gera grein fyrir mögulegum langtímaáhrifum af vatnsvinnslunni á grunnvatn.

Nálæg stöðuvötn

Í umsögn Umhverfisstofnunar er kallað eftir því að fram komi upplýsingar um það hvort breytingar á grunnvatnshæð kunni að hafa áhrif á vatnsborð og gegnumstreymi í nálægum stöðuvötnum með mögulega afleiddum áhrifum á lífríki vatnanna.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvort vatnstakan hafi í för með sér áhrif á vatnsbúskap nálæggra stöðuvatna. Ef svo er þarf í frummatsskýrslu jafnframt að gera grein fyrir afleiddum áhrifum á lífríki vatnanna.

Aðrar vatnsveitur

Í umsögn Vatnsveitu Hafnarfjarðar kemur fram að veitan búi við sjálfrennandi vatn niður í byggð. Ekki sé áætlanlegt að aukin vinnsla í sama grunnvatnsstraumi verði með þeim afleiðingum að þörf verði á dælingu vatns með tilheyrandi auknum kostnaði.

Í umsögn Kópavogsbæjar kemur fram að Vatnsveita Kópavogs sé einnig með vatnstöku skammt sunnan við borholur Veitna í Vatnsendakrika. Gera þurfi grein fyrir hvernig virkjun nýrra hola Veitna geti haft áhrif á vatnstöku í borholum Vatnsveitu Kópavogs með hliðsjón af dýpi, umfangi vatnstöku og staðbundinna áhrifa.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hversu oft þarf að dæla vatni úr vatnsbólum Vatnsveitu Hafnarfjarðar m.v. núverandi notkun og gera grein fyrir ráðgerðum breytingum á því hversu mikið og hvort þurfi að dæla oftar við aukna vatnsvinnslu í Vatnsendakrikum. Skipulagsstofnun tekur undir með Kópavogsbæ og bendir á nauðsyn þess að gerð verði grein fyrir staðbundnum áhrifum vatnstöku Veitna á vatnsvinnslu Vatnsveitu Kópavogs með hliðsjón af dýpi, umfangi vatnstöku og staðbundnum áhrifum.

Náttúrufar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að eiginlegum framkvæmdaþáttum sé að mestu lokið og áhrif vegna þeirra á yfirborði lands hafi þegar komið fram.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að þó svo að eiginlegum framkvæmdum sé lokið þurfi að gera grein fyrir áhrifum framkvæmda vegna vatnstökunnar á náttúrufarsþætti eins og jarðminjar, gróður og dýralíf. Slíkt yfirlit þarf ekki að vera mikið að umfangi en er mikilvægt til að staðfesta það sem kemur fram í matsáætluninni um vinsun.

Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun um að þó ekki verði farið í sérstakar úttektir eða rannsóknir vegna vegna mats á umhverfisáhrifum, þurfi í frummatsskýrslu að gera grein fyrir framkomnum áhrifum á jarðmyndanir, gróður og dýralíf.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Veitna að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum



framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvort og þá hvernig það verði tryggt að vatnsvinnsla í Heiðmörk verði rekin þannig að vatnsvinnsla haldist í hendur við náttúrulega endurnýjun grunnvatns. Jafnframt þarf að gera grein fyrir áhrifum vatnstökunnar á aðrennslissvæði vatnsbóla, niðurdrátt sem fylgir vatnstökunni og hversu hratt svæðið bregst við breytingum á vatnstöku. Jafnframt þarf að gera grein fyrir mögulegum langtímaáhrifum af vatnsvinnslunni á grunnvatn.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvort vatnstakan í Vatnsendakrikum hafi í för með sér áhrif á vatnsbúskap nálægra stöðuvatna. Ef svo er þarf í frummatsskýrslu jafnframt að gera grein fyrir afleiddum áhrifum á lífríki vatnanna.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hversu oft þarf að dæla vatni úr vatnsbólum Vatnsveitu Hafnarfjarðar m.v. núverandi notkun og gera grein fyrir ráðgerðum breytingum á því hversu mikið og hvort þurfi að dæla oftar við aukna vatnsvinnslu í Vatnsendakrikum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir staðbundnum áhrifum vatnstöku Veitna á vatnsvinnslu Vatnsveitu Kópavogs með hliðsjón af dýpi, umfangi vatnstöku og staðbundnum áhrifum.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir framkomnum áhrifum á jarðmyndanir, gróður og dýralíf.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 13. júní 2018

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson